



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Þór Hjaltalín

Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

Helgi Hafliðason
Stuðlaseli 44
109 Reykjavík

6. september 2017
MÍ201708-0065/ Þ.H.

Efni: Linnetsstígur 6 - Stækkun húss og breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf frá Helga Hafliðasyni arkitekt, dagsett 20. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Minjastofnunar um breytingartillögu að deiliskipulagi í tengslum við stækkun safnaðarheimilis Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði við Linnetsstíg 6. Vegna sumarleyfa og anna hefur dregist nokkuð að svara erindinu og er beðist velvirðingar á því. Um er að ræða tvílyft timburhús ásamt steiptum kjallara og hefur húsið verið klætt með Steniplötum. Samkvæmt Þjóðskrá er byggingarár hússins 1920 og fellur því ekki undir friðunarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012, en er hins vegar umsagnarskylt samkvæmt 30. gr. sömu laga, en þar segir að „eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa“.

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi Minjastofnunar þann 6. september síðastliðinn. Um er að ræða gamalt timburhús á áberandi stað í bænum. Minjastofnun fagnar þeim góðu áformum sem hér eru uppi um viðgerð hússins og telur þær breytingatillögur sem kynntar hafa verið góða lausn til að mæta þörfum safnaðarins fyrir aukið rými. Meðal annars er fyrirhugað að fjarlægja steinklæðninguna af húsinu og „færa ytra útlit nær upprunanum með bárujárnsklæðningu og tilheyrandi listverki“. Telur Minjastofnun að stækkunin, eins og hún hefur verið kynnt, sé í góðu samræmi við upphaflega gerð hússins og muni verða til styrktar götumyndinni. Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir við fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllt,

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Hafnarfjarðarkaupstaður, Skipulagsstofnun.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.